

BORGARRÁÐ 11. júní 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um aðgang að vinnustofu Kjarvals - R20060111

Um síðustu mánaðamót birtist dæmalaus frétt í Fréttablaðinu þar sem fram kom að embættismenn/starfsmenn á skrifstofu Reykjavíkurborgar hafi ellefu aðgangskort að Vinnustofu Kjarvals, sem er vinnu- og samkomurými við Austurvöll og er kostnaður við kortin um 1,6 milljón króna. Í ljósi þess að Reykjavíkurborg er stór leigutaki á markaði og á þar að auki mikið húsnæði þá kem ég til með að leggja þessar fyrirspurnir fram í borgarráði til skriflegs svars. 1. Er virkilega ekkert húsnæði sem borgin ræður yfir sem getur sinnt þessum þörfum? 2. Er það virkilega svo að vinnuaðstaða starfsfólks í „efsta lagi“ stjórnsýslunnar er svo slæm að grípa þurfti í þetta úrræði? 3. Hvers vegna þarf „efsta lag“ stjórnsýslunnar fundaraðstöðu utan stjórnsýslubýgginga borgarinnar? 4. Hvaða embættismenn hafa yfirráð yfir þessum kortum tæmandi talið? 5. Hefur borgarstjóri kort/aðgang að vinnustofunni? 6. Hefur formaður borgarráðs kort/aðgang að vinnustofunni? 7. Hefur forseti borgarstjórnar kort/aðgang að vinnustofunni? 8. Hafa aðrir kjörnir fulltrúar kort/aðgang að vinnustofunni s.s. oddviti Pírata og Vinstri grænna eða einhverjir aðrir? 9. Hafa kjörnir einhverjir kjörnir fulltrúar kort/aðgang að vinnustofunni og ef svo er hverjir eru það? 10. Handhafi korts virðist hafa aðgang að vinnustofunni og veitingaaðstöðu alla daga og til lokunar á kvöldin – er áfengi þar með talið? 11. Í frétt Fréttablaðisins kemur fram að vinnustofan er sérstaklega vel til þess fallin að taka á móti erlendum og innlendum viðskiptamönnum, hitta samstarfsfólk vegna vinnu eða utan hennar, rækta tengsl við aðra og sinna störfum sínum í næði frá dagsins önn. Er það hlutverk útsvarsgreiðenda í Reykjavík að standa undir þessum sérþörfum sem eiga heima á almenna markaðnum en ekki hjá sveitarfélagi? 12. Hvaða erlendu og innlendu viðskiptamenn hafa notið veitinga á kostnað Reykjavíkurborgar og með hvaða embættismönnum/starfsmönnum borgarinnar fengu þeir aðgang, tæmandi talið? 13. Handhafar kortanna eru í forgangi á viðburði í vinnustofunni, hafa handhafar kortanna notfært sér þann forgang, ef svo er hverjir sóttu hvaða viðburð tæmandi talið? 14. Hefur kortið/aðgangurinn dugað til neyslu veitinga eða hafa komið reikningar til borgarinnar vegna framúrkeyrslu veitinga/þjónustu? 15. Ef svo er – hvað nemur neyslan/þjónustan háum upphæðum tæmandi talið?